

Nd.

429. Nefndarálit

[196. mál]

um frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á fjórum fundum. Nefndarmenn áttu ítarlegar viðræður við formann „nefndar til könnunar á fjárhagsvanda bænda“, Bjarna Braga Jónsson aðstoðarbankastjóra Seðlabankans og Stefán Pálsson bankastjóra Búnaðarbanka Íslands. Nefndin klotnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. skilar sameiginlegu nefndaráliti og einstakir nefndarmenn flytja breytingartillögur á sérstökum þingskjölum. Minni hl. leggur til að frumvarpinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Rökin fyrir því eru þessi:

1. Skv. lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands er hlutverk veðdeildarinnar útgáfa bankavaxtabréfa og veiting lána gegn veði í fasteignum. Veðdeildin hefur því lögum skv. ótvíræða heimild til útgáfu nýs flokks bankavaxtabréfa og þar með til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda ef næg veð eru fyrir og lánardrottinn sætta sig við lánstíma og greiðslukjör.

Sérstök lög er heimili breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán með fyrirhuguðum hætti eru þess vegna óþörf. Þess vegna er lagt til að frumvarpinu verði vísað frá.

2. Breytingar, sem til álita kemur að gera á lögum um veðdeild Búnaðarbankans til þess að greiða fyrir framkvæmd skuldbreytingar, varða tvö minni háttar atriði. **Í fyrsta lagi** að **hækka veðsetningarhlutfall** úr 60% í 75% af virðingarverði fasteignar. Í öðru lagi að heimila **ábúendum ríkisjarða** „að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum“. Hið síðar nefnda telur nefndin, sem undirbúið hefur málið, nauðsynlegt vegna „ódeilanleika veðréttar á lögbýlum“, enda eigi leiguliðar annars nægar veðhæfar eignir.

Fremur en að setja sérstök lög um slík framkvæmdaratriði liggur beint við að breyta lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands til samræmis við þetta. Undirritaður boðar því frumvarp til laga um breytingu á lögum um veðdeild Búnaðarbankans, þar sem gert er ráð fyrir því að hvort tveggja þetta, sem og lágmark vaxta- og veðtryggingar ef skuldbreyting er fjármögnuð með nýjum lánnum að einhverju leyti, verði sett í lög, sbr. þskj. 428.

3. Athygli vekur að í umræddu frumvarpi til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán er **hvergi vikið að kjarna málsins sem er fjármögnun skuldbreytingarinnar**.

Í bréfi undirbúningsnefndarinnar til landbúnaðarráðherra (dags. 23. febr. 1984) segir að annað meginefni málsins sé „útvegum lánsfjár að nokkrum hluta, t. d. 30—40% breytingarinnar, til þess að greiða fyrir að á hana verði fallist og losa um vanskil sem standa í veginum“. Þessi lánsfjárþörf er áætluð á bilinu 40—50 milljónir króna að lágmarki.

Í greinargerð með tillögum nefndarinnar (dags. 9. sept. 1983) segir eftirfarandi um nauðsyn nýrrar fjárúttegunar: „Skuldbreyting er háð samþykki lánveitenda. Ljóst er að mörg kaupfélög eru þegar í vanda með mikla fjárbindingu í viðskiptaskuldum bænda og **geta varla haft mikinn áhuga á að lengja þau lán nema nokkur hluti þeirra sé greiddur upp** um leið. Auk þess þarf að **hreinsa upp vanskil við stofnlánadeild og veðdeild** svo að umsækjendur verði lánshæfir. Er af þessum sökum nauðsynlegt að hafa viðbúnað við allháu útgreiðsluhlutfalli, allt að 40%, og þar með öflun nýs fjármagns er gæti numið um 40 millj. kr.“

Enda þótt nefndin „til könnunar á fjárhagsvanda bænda“ hafi skilað tillögum og

greinargerð 9. sept. 1983 var frumvarpið ekki lagt fram á Alþingi af hálfu landbúnaðarráðherra, fyrr en **tæpu hálfu ári síðar**. Þrátt fyrir þennan langa meðgöngutíma snertir frumvarpið hvergi kjarna málsins sem er ný lánsfjárútleiðing, auk þess sem nauðsynlegar upplýsingar eru allsendis ófullnægjandi til þess að unnt sé að taka endanlega afstöðu til þess. Þannig vantar endanlegar upplýsingar um eftirfarandi: 1) **Fjöldi umsækjenda um skuldbreytingu**. 2) **Heildarupphæð fyrirhugaðrar skuldbreytingar**. 3) **Upphæð nýrrar lánsútleiðingar til þess að standa undir 30—40% „útgreiðsluhlutfalli“**. 4) **Hvaða kjör á „reiðufjárhluta lánanna“ lánardrottnar** (innlánsdeildir kaupfélaga, sparisjóðir eða viðskiptabankar) **sætta sig við til að taka við bréfunum**.

4. Það sem fyrst og fremst kemur til kasta Alþingis er fjárútleiðingin sjálf því að skv. gildandi lögum um veðdeild Búnaðarbankans hefur deildin fullnægjandi lagaheimildir til útgáfu nýrra bankavaxtabréfa, en ráðherra ákveður vexti bréfanna og setur í reglugerð nánari ákvæð um framkvæmd laga. Það sem Alþingi þarf fyrst og fremst að taka afstöðu til er því fjárútleiðingin sjálf en að því er hvergi vikið í frumvarpinu. Allar líkur benda til að fjárútleiðingin verði í formi **nýrra erlendra lána** þar sem áætlanir ríkisstjórnarinnar um lánsfjáröflun á innlendum lánamarkaði hafa þegar brugðist.

5. Sem kunnugt er er veðdeildin ekki aflögufær. Á fundum nefndarinnar var upplýst að höfuðstóll veðdeildarinnar er neikvæður um ca. 20 milljónir króna. Ástæðurnar fyrir þessu fjárhagshruni veðdeildarinnar eru einkum þrjár að sögn forráðamanna hennar:

1) Á árunum 1972—77 var henni gert að taka erlend gengistryggð lán og verðtryggð innlend lán.

2) Útlán deildarinnar, m. a. til jarðakaupa, voru hins vegar **óverðtryggð** allan tímann.

3) Lögboðin framlög ríkissjóðs til deildarinnar voru skert.

Á fundum nefndarinnar var upplýst að **ríkisstjórnin hefði, að tillögu landbúnaðarráðherra, samþykkt að veðdeild Búnaðarbanka Íslands verði útvegað lánsfé er nemi allt að 40% af skuldbreytingu á lausaskuldum bænda**.

Ekki liggur fyrir hvernig ríkisstjórnin hyggst útvega þetta lánsfé enda þótt allar líkur bendi til að það hljóti að gerast með nýjum erlendum lánnum, enda lánsfjárlög óafgreidd frá Alþingi.

6. Þess vegna sýnist ótímabært fyrir Alþingi að taka endanlega afstöðu til málsins fyrr en nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir, en þær eru m. a. þessar:

1) Hver er áætluð heildarupphæð skuldbreytingarinnar?

2) Hvernig hyggst ríkisstjórnin útvega nýtt lánsfé til að standa undir áætluðu „útgreiðsluhlutfalli“ og hver verður heildarupphæð þessara lána?

3) Hvaða kjör á „reiðufjárhluta lánanna“ geta lánardrottnar sætt sig við til þess að taka við nýjum skuldabréfum í stað verðtryggðra vanskilalána með hæstu vöxtum?

Að lokinni umfjöllun í nefnd er niðurstaða minni hl. sú að leggja til að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem veðdeild Búnaðarbanka Íslands er lögum skv. heimilt að gefa út bankavaxtabréf og veita lán gegn veði í fasteignum, þ. m. t. að breyta í föst lán lausaskuldum bænda ef næg veð eru fyrir og um semst um lánstíma og greiðslukjör milli lánardrottna og skuldunauta, og sérstakar lagaheimildir af þessu tilefni eru þar af leiðandi óþarfar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. mars 1984.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Fylgiskjal I.

1983-84 (106. löggjafarþing) — 242. mál.

Nd. 428. Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 34 frá 29. maí 1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Guðmundur Einarsson.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 3. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Ef um lánsfé er að ræða skulu útlánakjör vaxta- og verðtryggingar eigi vera lægri en á aðfengnu lánsfé, að viðbætti 0,25% þóknun til veðdeildar.

2. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný grein er verði 7. gr. og orðist svo:

Heimilt er hlutadeigandi ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánnum skv. lögum þessum, enda nægi eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingahæfum eignum.

3. gr.

8. gr. (sbr. 7. gr. laganna) orðist svo:

Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrétti og aldrei yfir 75% virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétt ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan 75% virðingarverðs. Lánstíminn má aldrei vera yfir 25 ár, en nánari ákvæði um lánstíma, eftir því hvernig tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

Greinargerð.

Frumvarp þetta til laga um breytingar á lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands er flutt í framhaldi af umræðum í landbúnaðarnefnd um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán 1984.

Minni hl. landbúnaðarnefndar komst að þeirri niðurstöðu að sérstök lög, er heimili breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, væru óþörf þar sem gildandi lög um veðdeild Búnaðarbanka Íslands veiti veðdeildinni þegar ótvíræðar lagaheimildir til útgáfu bankavaxtabréfa og veitingu lána gegn veði í fasteignum. Til fyrirhugaðrar skuldbreytingar skortir því ekki lagaheimildir, heldur fjármagn. Hvort af skuldbreytingunni getur orðið ræðst því fyrst og fremst af tvennu:

1) Samþykkt Alþingis fyrir útvegum nýs fjármagns, með nýjum erlendum lántökum eða á annan hátt, til þess að hreinsa upp vanskil við viðskiptaaðila, stofnlánadeild og veðdeild, svo að umsækjendur verði lánshæfir.

2) Hvaða kjör á „reiðufjárhluta lánanna“ um semst milli lánardrottna og lántakenda, þannig að báðir aðilar sjái sér hag í lengingu lánanna. (Sjá nefndarálit minni hl. landbúnaðarnefndar á þskj. 429).

Skv. tillögum og greinargerð nefndar um könnun á fjárhagsvanda bænda 1984 þykir eftir sem áður æskilegt að gera minni háttar breytingar á gildandi lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands til þess að greiða fyrir framkvæmd skuldbreytingar, ef tilskilið fjármagn fæst og um semst milli aðila um lánskjör.

Þessar tillögur eru fluttar með hliðsjón af álitni nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í bréfi „nefndar til könnunar á fjárhagsvanda bænda“ til landbúnaðarráðuneytis (dags. 2. mars 1984) er lagt til að „kjör reiðufjárhluta lánanna verði hin sömu og á aðfengna fénu, að viðbættu ½% álagi veðdeildarinnar“. Í bréfi til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis frá Guðmundi Sigurðssyni, Áslandi, Hrunamannahreppi, Árnassýslu, er lagt til að álag veðdeildar verði 0,25% og bent á, að fyrir nokkru var álag Framkvæmdasjóðs á endurlánað lánsfé endurskodað og lækkað úr 1% í 0,25%. Flutningsmanni þykir rétt að lánskjörin verði með þessum hætti ákveðin á löggjafarstigi, fremur en að framselja það vald í hendur ráðherra.

Um 2. gr.

Samhljóða ákvæði er að finna í frumvarpi til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Hér með er lagt til að þetta ákvæði verði fært inn í lög um veðdeild Búnaðarbankans fremur en að um það verði sett sérstök lög. Í bréfi formanns undirbúningsnefndar, sem kannaði fjárhag bænda, til landbúnaðarráðherra (dags. 23. febr. 1984) segir um þetta umdeilda ákvæði:

„Veðleyfi eigna á ríkissjóðsjörðum eru nauðsynleg sökum ódeilanleika veðréttar í lögbýlum. Með þessu móti er gætt réttar leiguliða sem eiga annars nægar veðhæfar eignir og má telja hart ef þeim er ekki unnt félagslegs jafnræðis við jarðareigendur. Framkvæmd þessa ákvæðis styðst við venjur.“

Um 3. gr.

Í tillögum nefndarinnar um almenna skuldbreytingu í þágu bænda (dags. 9. sept. 1983) segir um þetta efni á bls. 2:

„Þar sem gildandi lög um veðdeild Búnaðarbankans heimila ekki herra veðsetningarhlutfall en 60% er nauðsynlegt að setja lög um skuldbreytinguna er heimili 75% veðsetningu.“

Fylgiskjal II.

Lög

um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

1. gr.

Í Búnaðarbanka Íslands skal starfa veðdeild. Hlutverk veðdeildarinnar er:

- a) Útgáfa bankavaxtabréfa.
- b) Að veita lán gegn veði í fasteignum.

2. gr.

Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi 25 milljón krónum til ársloka 1986.
2. Framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, að fjárhæð 35 milljón krónur til ársloka 1986.
3. Vaxtatekjur.

3. gr.

Veðdeildin gefur út bankavaxtabréf er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans. Fjármálaráðherra og bankastjórn undirskrifa bankavaxtabréfin.

Bréfin skulu gefin út í flokkum og ákveður ráðherra vexti bréfanna, gjalddaga þeirra og önnur lánskjör, hvar þau skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingu um greiðslu þeirra.

4. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum veðdeildarinnar er:

1. Veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð rikissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

5. gr.

Hlutverk deildarinnar samkv. b-lið 1. gr. er:

1. Að veita lán gegn veði í jörðum og hvers konar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almenningsnota í sveitum landsins.
2. Að veita lán bæjar-, sýslu- eða sveitarfélögum eða lán tryggð með ábyrgð þeirra, enda séu lánin ætluð til jarðræktar, búrekstrar eða til einhvers fyrirtækis til almenningsheilla í sveitum.

6. gr.

Hús og önnur mannvirki skulu eigi tekin gild sem veð, nema vátryggð séu í vátryggingastofnun er bankinn tekur gilda.

7. gr.

Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrétti og aldrei yfir $\frac{3}{4}$ virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétt, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan $\frac{3}{4}$ virðingarverðs. Lánstíminn má aldrei vera yfir 25 ár, en nánari ákvæði um lánstíma, eftir því hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

8. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar má tiltaka í reglugerð. Má þar meðal annars ákveða að stjórn Búnaðarbankans megi tilnefna virðingarmenn. Þar má og heimila að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á veðinu eftir tilteknum reglum og ákvörðun bankastjórnar. Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftár, ef bankastjórnin krefst þess, sýna skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildinni geti verið hættá búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki, eða hafi bankastjórn orðið þess vör, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, má láta skoðun og nýja virðingu fara fram á kostnað lántakanda.

9. gr.

Nú verða eigendaskipti á fasteign, sem er veðsett veðdeildinni, og getur bankastjórn þá heimtað lánið endurgreitt að öllu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til. Vilji nýr eigandi taka að sér lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir. Þegar fasteign, sem veðdeildin hefur veð í, er seld, skal kaupandi tilkynna bankastjórn eigendaskiptin í síðasta lagi á næsta gjalddaga á afborgun lánsins. Heimta má allt að 1% aukagjald af veðskuldinni, er

rennur í varasjóð, ef skuldunautur veðdeildarinnar vanrækir að tilkynna bankastjórn þegar í stað, ef verulegar breytingar eru gerðar á veðsettri eign, svo að eignin rýrni við það í verði.

10. gr.

Lánnum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim er hann hefur undirgengist. En verði árgjöld hans eigi greidd á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátryggðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða brjóti lánþegi annars í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum veðdeildarinnar eða lánsamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

11. gr.

Samningsbundnum afborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa vaxtabréf þess flokks, er í hlut á, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna. Þá er hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa með 6 mánaða fyrirvara tölu- og bókstafsmerki bankavaxtabréfa þeirra, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsing þessi skal birt í Lögbirtingablaðinu.

12. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og skal eigi greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

13. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin gefið út handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf, með sömu upphæð og það er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. Um ógilding annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum reglum.

14. gr.

Bankavaxtabréf þau, sem innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undireins, á þann hátt að þau með því verði ógild.

15. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslum bankans.

16. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert upphöð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja deildinni það út til eignar, ef þörf krefur.

17. gr.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi veðdeildarinnar.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Með lögum þessum er felldur úr gildi III. kafli laga nr. 115 7. nóvember 1941, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Samþykkt á Alþingi 15. maí 1979.

Fylgiskjal III.

**Bréf nefndar til könnunar á fjárhagsvanda bænda
til landbúnaðarráðuneytisins, 2. mars 1984.**

Nefndin kom saman þriðjudaginn 28. febrúar til fundar um stöðu skuldbreytingar-
áforma og til þess að gera ályktanir um þá ráðgjöf af hálfu nefndarinnar sem nauðsynleg er
talin. Til fundar við nefndina komu Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri, Stefán Pálsson
bankastjóri og Leifur Kr. Jóhannesson forstöðumaður Stofnlánadeildar landbúnaðarins.
Upplýst var m. a. um samþykkt ríkisstjórnarinnar að morgni sama dags um útvegum lánsfjár
allt að 40% af skuldbreytingunni.

Nefndin gerði eftirfarandi samþykkt til ráðgjafar um framkvæmd málsins:

1. Reynt verði að halda opnu að útvegað verði 40% af þeirri fjárhæð sem endanlega
verður skuldbreytt.

2. Þar sem fóðurkaupa er getið í frumvarpi sem tilefnis skuldbreytingar sé átt við
fóðurkaup af völdum harðinda eða árferðisáfalla sem séu umfram venju eða fáist ekki
uppgerð sökum tekjubrests af þessa völdum.

3. Útvegað reiðufé gangi að jöfnu yfir alla og þurfi Stofnlánadeild þá að gera sérstakar
ráðstafanir til þess að fá forgang innan uppgjörs við hvern skuldara eða/og lengja lán sín þar
sem greiðslu vanskila sleppir. Ástæður þessar eru m. a. þær að vanskil við Stofnlánadeild
eru nú svo mikil að rýra mundi útgreiðsluhlutfall annarra úr hófi.

4. Kjör reiðufjárhluta lánanna verði hin sömu og á aðfengna fénu að viðbættu ½% álagi
veðdeildarinnar.

5. Kjör veðdeildarbréfanna verði verðtrygging skv. lánskjaravísitölu og 2% vextir en
ofan á þá ½% álag veðdeildar gagnvart skuldurum.

6. Slaka verður á fyrri óskum nefndarinnar um lengd lánanna. Þó verði reynt að fá þau
til 12 ára, þar af fyrsta ár afborganalaust. Endanlega fari þetta þó eftir því við hvaða kjörum
lánardrottinnar fáist til að taka við bréfunum.

Um fjárhæðarmörk og hlutföll skuldbreytingarinnar að öðru leyti telur nefndin ekki
tímabært að tjá sig fyrir en frekari upplýsingar liggja fyrir.

Virðingarfyllst,
f. h. nefndarinnar
Bjarni B. Jónsson.

Fylgiskjal IV.

Tillaga til ríkisstjórnarinnar frá landbúnaðarráðherra.

Ríkisstjórnin fellst á þá tillögu nefndar, sem kannaði fjárhagsvanda bænda, að veðdeild Búnaðarbanka Íslands verði útvegað lánsfé er nemi allt að 40% af skuldbreytingu á lausaskuldum bænda, enda verði svo séð um að röð ábyrgðaraðila á lánum þessum verði sú sama og í frumvarpi til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Til tryggingar lánunum verður þá:

1. Veðskuldabréf þau er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

Um ábyrgð ríkissjóðs fer eftir 2. grein laga nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands. Ef taka þarf til trygginganna skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

Viðskiptaráðherra er falið að kanna hvort lenging erlendra lána Framkvæmdasjóðs ásamt aðstoð Seðlabanka Íslands nægi til fjáröflunar í þessu skyni.

(Samþykkt á ríkisstjórnarfundi 28. febr. 1984.)

Fylgiskjal V.

Áslandi, Flúðum,
26. febrúar 1984.

Til landbúnaðarnefndar
neðri deildar Alþingis.

Ég undirritaður er einn af þeim 605 bændum sem sótt hafa um breytingu lausaskulda í föst lán skv. frv. þar að lútandi sem nú er til umfjöllunar í landbúnaðarnefnd neðri deildar. Í því sambandi óska ég eftir að koma að athugasemdum um þetta frumvarp eins og það liggur nú fyrir.

Frumvarpið í heild segir í raun ekkert um hvernig skuldbreytingin eigi að vera framkvæmd. 1. — 5. gr. hafa eingöngu að geyma tæknileg ákvæði og sjálf framkvæmdin er öll geymd til 6. gr. þar sem hún er falin ráðherra við veðdeild Búnaðarbankans, fulltrúa Búnaðarfélagssins og Stéttarsambands bænda. Þótt ofangreindir aðilar séu alls trausts verðir er Alþingi í raun að fela framkvæmdavaldinu allt of mikið vald verði frumvarpið samþykkt svona.

Ég hef reynt að kynna mér eftir bestu getu hver framkvæmdin á þessari lausaskuldbreytingu á að verða. Þar er erfitt um vik því að embættismenn og aðrir aðilar að ákvarðanatöku í þessu efni bera því við að ekki sé búið að ákveða neitt þótt vel liggja í loftinu hvernig framkvæmd skuldbreytingarinnar skuli hagað enda liggja fyrir fordæmi frá fyrri breytingum.

Það er talið líklegt að a. m. k. fimmtungur skuldbreytingarinnar eigi sér þannig stað að lán veðdeildarinnar til bænda verði í peningum, hitt í verðtryggðum skuldabréfum til 10 ára. Ekki hefur enn verið ákveðið hvaða vextir verði á bréfunum en síðast voru þau vaxtalaus. Þessi bréf eiga svo bændur að selja sínum lánardrottnum til greiðslu á lausaskuldum sínum.

Þótt það hafi gengið við síðustu skuldbreytingu að hafa slík bréf vaxtalaus hafa ákvörðunarkröfur á fjármagnsmarkaðinum breyst á undanförunum árum á þann veg að erfitt verður fyrir bændur að sannfæra lánardrottna sína um að taka við vaxtalausum bréfum til margra ára upp í lausaskuldir. Skynsamlegra væri að hafa þá væga en sanngjarna vexti á

bréfunum, auk verðtryggingar, þannig að bændum skapist a. m. k. möguleiki til að losna við bréfin. Í því sambandi má nefna að Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur þegar skrifað umsækjendum um skuldbreytingu hjálagað bréf þar sem þess er krafist fyrirfram að fyrir liggi yfirlýsing frá lánardrottnum um að þeir taki við skuldabréfunum. Ef ekki, verður hreinlega ekki um neina skuldbreytingu að ræða.

Nú hefur það verið svo í undanförunum skuldbreytingum að Seðlabankinn hefur tekið við veðdeildarbréfum frá innlánsdeildum kaupfélaga og smærri sparisjóðum upp í bindiskyldu þannig að stór hluti bréfanna hefur að lokum hafnað í Seðlabankanum. Hins vegar hefur Seðlabankinn ekki verið fánlegur til að taka við þessum bréfum frá viðskiptabönkunum eða stærri sparisjóðunum.

Þessi háttur skapar þann vanda að þær lánastofnanir, sem ekki geta selt veðdeildarbréfin áfram, eru eðlilega tregar til að taka þau upp í lausaskuldir. Þetta kemur svo aftur niður á bændum sem frekar skulda viðskiptabönkunum og stærri sparisjóðunum.

Það er einmitt þetta atriði sem hefur fengið mig til að skipta mér af þessu frumvarpi því að aðallánardrottinn minn er Búnaðarbankinn sem þverneitar að taka við umræddum bréfum upp í skuldir því að hann geti ekki endurselt þau upp í bindiskyldu eins og sumar aðrar innlánsstofnanir.

Þetta atriði, sem greinilega verður mikið hagsmunamál fyrir bændur, þyrfti að leiðrétta strax á löggjafarstiginu en ekki geyma það fyrir framkvæmdavaldið, skv. 6. gr. frumvarpsins, eins og nú er ætlast til. Legg ég til að bætt verði við viðbótargrein á þann veg að innlánsstofnunum verði gert skylt að taka við veðdeildarbréfum upp í lausaskuldir, en þær eiga rétt til endursölu á bréfunum til Seðlabankans í sömu hlutföllum og nú gilda fyrir afurðalán. Þá mundi þetta þýða að fyrir hverjar 100 kr. í lausaskuldum mundi bóndinn geta greitt 75 kr. til innlánsstofnunar í bréfum og þar af geti stofnunin selt um 52 kr. til Seðlabankans. Þær 25 kr., sem á vantar, þyrfti því að fjármagna með peningum.

Enn fremur vil ég gera athugasemd við þann hátt að veðdeildin fái að leggja 1% vaxtaálag á ári (10% á 10 árum) ofan á skuldbreytinguna fyrir eigin kostnað, en þannig skilst mér að farið hafi verið að við síðustu breytingu. Þetta hlutfall er allt of hátt til að hægt sé að réttlæta það sem kostnað enda geyma 1. — 5. gr. ákvæði sem eiga að tryggja að umræddar skuldir bænda til veðdeildarinnar verði ávallt vel tryggðar með fasteignaveðum (sbr. 4. gr.). Bent skal á að fyrir nokkru var álag Framkvæmdasjóðs á endurlánað lánsfé endurskoðað og lækkað úr 1% í 0,25%. Þetta atriði væri einnig rétt að negla niður þegar á löggjafarstiginu því að þar er helst von að hlustað verði á bændur. Eftir að málið er komið í hendur embættismanna verður ekki við þetta atriði ráðið.

Virðingarfyllt,
Guðmundur Sigurðsson
Áslandi, Hrunamannahreppi
Árnessýslu.